

Sþ. 14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um aðild Íslands að samningi Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

(Lögð fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að gerast aðili fyrir Íslands hönd að samningi Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950, svo og að viðbótarsamningi við hann, sem undirritaður var í París 20. marz 1952.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR

um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa samning þennan og aðilar eru að Evrópuráðinu,

hafa í huga mannréttindayfirlýsingu þá, sem allsherjarþing sameinuðu þjóðanna samþykkti hinn 10. desember 1948;

minnast þess, að yfirlýsing þessi hefur það markmið að tryggja almenna og raunhæfa viðurkenningu og vernd þeirra réttinda, sem þar er lýst;

minnast þess, að markmið Evrópuráðsins er að koma á nánari einingu aðila sinna og að ein af leiðunum að því marki er sú, að mannréttindi og mannfrelsi séu í heiðri höfð og aukin;

lýsa á ný óbifanlegri trú sinni á þau meginréttindi til frelsis, sem eru undirstaða réttlætis og friðar í heiminum og bezt eru tryggð annars vegar með raunhæfu, stjórnarfarslegu lýðræði og hins vegar með almennum skilningi og varðveislu þeirra mannréttinda, sem eru grundvöllur frelsisins;

CONVENTION

for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms.

The Governments signatory hereto, being Members of the Council of Europe,

Considering the Universal Declaration of Human Rights proclaimed by the General Assembly of the United Nations on 10th December 1948;

Considering that this Declaration aims at securing the universal and effective recognition and observance of the Rights therein declared;

Considering that the aim of the Council of Europe is the achievement of greater unity between its Members and that one of the methods by which that aim is to be pursued is the maintenance and further realisation of Human Rights and Fundamental Freedoms;

Reaffirming their profound belief in those Fundamental Freedoms which are the foundation of justice and peace in the world and are best maintained on the one hand by an effective political democracy and on the other by a common understanding and observance of the Human Rights upon which they depend;

eru staðráðnar í því að stíga fyrstu skrefin að því marki að tryggja sameiginlega nokkur þeirra réttinda, sem greind eru í mannréttindayfirlýsingunni, enda eru þær stjórnir Evrópuríkja, sem sama sinnis eru og eiga sameiginlega arfleifð pólitískra venja, hugsjóna, frelsis og réttarskipunar;

hafa þær því orðið ásáttar um það, sem hér fer á eftir:

1. gr.

Samningsaðilarnir skulu tryggja hverjum þeim, sem innan yfirráðasvæðis þeirra dvelst, réttindi þau og frelsi, sem skilgreind eru í I. kafla samnings þessa.

I. KAFLI

2. gr.

1. Réttur hvers manns til lífs skal verndaður með lögum. Engan mann skal af ásettu ráði svipta lífi, nema sök sé sönnuð og fullnægja skuli refsidómi á hendur honum fyrir glæp, sem dauðarefsingu varðar að lögum.

2. Þótt mannsbani hljótist af valdbeitingu, skal það ekki talið brjóta í bág við þessa grein, ef valdbeiting er ekki meiri en bráðnauðsynlegt má teljast

a. til að verja menn gegn ólögumætu ofbeldi;

b. til að framkvæma lögumæta handtöku eða til að koma í veg fyrir, að sá, sem löglega er haldið, komist undan;

c. vegna löglegra aðgerða, sem miða að því að bæla niður uppbót eða uppreisn.

3. gr.

Enginn maður skal sæta pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

4. gr.

1. Engum manni skal haldið í þrældómi né þrælkun.

2. Eigi skal þess krafizt af neinum manni, að hann vinni þvingunar- né nauðungarvinnu.

3. Þvingunar- eða nauðungarvinna í merkingu þessarar greinar skal eigi taka til:

a. vinnu, sem krafizt er í venjulegu varðhaldi, sem er í samræmi við ákvæði

Being resolved, as the Governments of European countries which are like-minded and have a common heritage of political traditions, ideals, freedom and the rule of law, to take the first steps for the collective enforcement of certain of the Rights stated in the Universal Declaration;

Have agreed as follows:

Article 1

The High Contracting Parties shall secure to everyone within their jurisdiction the rights and freedoms defined in Section I of this Convention.

SECTION I

Article 2

(1) Everyone's right to life shall be protected by law. No one shall be deprived of his life intentionally save in the execution of a sentence of a court following his conviction of a crime for which this penalty is provided by law.

(2) Deprivation of life shall not be regarded as inflicted in contravention of this Article when it results from the use of force which is no more than absolutely necessary:

(a) in defence of any person from unlawful violence;

(b) in order to effect a lawful arrest or to prevent the escape of a person lawfully detained;

(c) in action lawfully taken for the purpose of quelling a riot or insurrection.

Article 3

No one shall be subjected to torture or to inhuman or degrading treatment or punishment.

Article 4

(1) No one shall be held in slavery or servitude.

(2) No one shall be required to perform forced or compulsory labour.

(3) For the purpose of this Article the term "forced or compulsory labour" shall not include:

(a) any work required to be done in the ordinary course of detention im-

5. gr. samnings þessa, eða meðan á skil-orðsbundinni lausn úr slíku varðhaldi stendur;

b. herþjónustu eða þjónustu, sem krafizt er í hennar stað af þeim mönnum, sem synja herþjónustu samvizku sinnar vegna og slík synjun er til greina tekin í landi hans;

c. þjónustu, sem krafizt er vegna hættu- eða neyðarástands, sem ógnar lífi eða velferð almennings;

d. vinnu eða þjónustu, sem er þáttur í venjulegum borgaraskyldum.

5. gr.

1. Allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi.

Engan mann skal svipta frelsi nema þegar um er að ræða eftirfarandi tilvik, enda skal þá gæta þeirrar aðferðar, sem mælt er í lögum:

a. löglegt varðhald manns, sem dæmdur hefur verið sekur af þar til bærum dómstóli;

b. löglega handtöku eða varðhald manns fyrir að óhlýðnast löglegum úrskurði dómstóls eða til að tryggja efndir lögmaeltrar skyldu;

c. löglega handtöku eða varðhald manns, sem framkvæmt er í því skyni að færa hann fyrir lögbært stjórnvald, enda hvíli á honum skynsamlegur grunnur um afbrot eða með rökum sé talið nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að hann fremji afbrot eða komist undan, er hann hefur framið það;

d. gæzlu ófullveðja manns samkvæmt löglegum úrskurði vegna eftirlits með uppeldi hans eða lögmæta gæzlu hans í því skyni, að hann verði færður fyrir löglegt stjórnvald;

e. löglega gæzlu manns til að koma í veg fyrir, að smitandi sjúkdómar breiðist út, eða manns, sem er andlega vanheill, áfengissjúklingur, eiturfjásjúklingur eða umrenningur;

f. löglega handtöku eða varðhald manns til að koma í veg fyrir, að hann komist ólöglega inn í land, eða manns, sem ráðstafanir hafa verið gerðar til að flytja úr landi eða framselja.

posed according to the provisions of Article 5 of this Convention or during conditional release from such detention;

(b) any service of a military character or, in case of conscientious objectors in countries where they are recognised, service exacted instead of compulsory military service;

(c) any service exacted in case of an emergency or calamity threatening the life or well-being of the community;

(d) any work or service which forms part of normal civic obligations.

Article 5

(1) Everyone has the right to liberty and security of person.

No one shall be deprived of his liberty save in the following cases and in accordance with a procedure prescribed by law:

(a) the lawful detention of a person after conviction by a competent court;

(b) the lawful arrest or detention of a person for non-compliance with the lawful order of a court or in order to secure the fulfilment of any obligation prescribed by law;

(c) the lawful arrest or detention of a person effected for the purpose of bringing him before the competent legal authority on reasonable suspicion of having committed an offence or when it is reasonably considered necessary to prevent his committing an offence or fleeing after having done so;

(d) the detention of a minor by lawful order for the purpose of educational supervision or his lawful detention for the purpose of bringing him before the competent legal authority;

(e) the lawful detention of persons for the prevention of the spreading of infectious diseases, of persons of unsound mind, alcoholics or drug addicts or vagrants;

(f) the lawful arrest or detention of a person to prevent his effecting an unauthorised entry into the country or of a person against whom action is being taken with a view to deportation or extradition.

2. Hver sá maður, sem tekinn er höndum, skal án tafar fá vitneskju á máli, sem hann skilur, um ástæðurnar fyrir handtökunni og um sakir þær, sem hann er borinn.

3. Hvern þann mann, sem tekinn er höndum eða settur í varðhald samkv. tölulið 1. c. þessarar greinar, skal án tafar færa fyrir dómara eða annað stjórnvald, sem lögheimild hefur til að fara með dómsvald, og skal hann eiga kröfu til að rannsókn fyrir dómi hefjist innan sanngjarns tíma eða hann verði látinn laus þar til rannsókn hefst. Gera má það að skilyrði fyrir lausn úr varðhaldi, að trygging sé sett fyrir því, að hann komi til rannsóknar.

4. Hverjum þeim manni, sem sviptur er frelsi með handtöku eða varðhaldi, skal rétt að gera ráðstafanir til að lögmati frelsisskerðingarinnar verði úrskurðað af dómstóli án tafar, og fyrirskipað sé, að hann skuli látinn laus, ef frelsisskerðingin er ólögmat.

5. Hver sá maður, sem tekinn hefur verið höndum eða settur í varðhald eða gæzlu gagnstætt ákvæðum þessarar greinar, skal eiga lögmeta, framkvæm- anlega skaðabótakröfu.

6. gr.

1. Nú leikur vafi á um réttindi þegns og skyldur eða hann er borinn sökum um glæpsamlegt athæfi, og skal hann þá njóta réttlátrar og opinberrar rannsóknar innan hæfilegs tíma, fyrir óháðum, óhlutdrægum, lögmaeltum dómstóli. Dómur skal upp kveðinn í heyranda hljóði, en banna má blaðamönnum og almenningi aðgang að réttarhöldum að nokkru eða öllu vegna almenns siðgæðis, allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi, þegar unglíngaverndun eða verndun einkalífs málsaðilanna býður, eða að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til í sérstökum tilvikum, þar sem vitneskja almennings mundi torvela rétta niðurstöðu.

2. Hvern þann mann, sem borinn er sökum fyrir glæpsamlegt athæfi, skal telja saklausan, unz sök hans er sönnuð lögfullri sönnun.

(2) Everyone who is arrested shall be informed promptly, in a language which he understands, of the reasons for his arrest and of any charge against him.

(3) Everyone arrested or detained in accordance with the provisions of paragraph 1 (c) of this Article shall be brought promptly before a judge or other officer authorised by law to exercise judicial power and shall be entitled to trial within a reasonable time or to release pending trial. Release may be conditioned by guarantees to appear for trial.

(4) Everyone who is deprived of his liberty by arrest or detention shall be entitled to take proceedings by which the lawfulness of his detention shall be decided speedily by a court and his release ordered if the detention is not lawful.

(5) Everyone who has been the victim of arrest or detention in contravention of the provisions of this Article shall have an enforceable right to compensation.

Article 6

(1) In the determination of his civil rights and obligations or of any criminal charge against him, everyone is entitled to a fair and public hearing within a reasonable time by an independent and impartial tribunal established by law. Judgment shall be pronounced publicly but the press and public may be excluded from all or part of the trial in the interests of morals, public order or national security in a democratic society, where the interests of juveniles or the protection of the private life of the parties so require, or to the extent strictly necessary in the opinion of the court in special circumstances where publicity would prejudice the interests of justice.

(2) Everyone charged with a criminal offence shall be presumed innocent until proved guilty according to law.

3. Hver sá maður, sem borinn er sökum fyrir glæpsamlegt athæfi, hefur þessi lágmarksréttindi:

a. rétt til þess að fá tafarlaust vitneskju á máli, sem hann skilur, um eðli og orsök ákærunnar gegn honum, í einstökum atriðum;

b. rétt til nægilegs tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína;

c. rétt til að verja sig sjálfur eða kjósa sér verjanda. Hafi hann ekki efni á að greiða lögfræðilega aðstoð, skal hann fá hana ókeypis, ef réttarsjónarmið krefjast þess;

d. rétt til að spyrja eða láta spyrja vitni, sem leidd eru gegn honum. Séð skal um, að vitni, sem bera honum í vil, komi fyrir dóm og séu spurð á sama hátt og þau vitni, sem leidd eru gegn honum;

e. rétt til að fá ókeypis aðstoð túlks, ef hann skilur ekki eða talar mál það, sem notað er fyrir dómi.

7. gr.

1. Engan skal telja sekan til refsingar, nema verknaður sá eða aðgerðaleyfi, sem hann er borinn, varði refsingu að landslögum eða þjóðarétti á þeim tíma, er máli skiptir. Eigi má heldur dæma hann til þyngri refsingar en þeirrar, sem að lögum var leyfð, þegar verknaðurinn var framinn.

2. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki fyrirgirða réttarrannsókn og refsingu fyrir verknað eða aðgerðarleysi, sem var refsivert, þegar það var framið, samkvæmt almennum grundvallarreglum laga, viðurkenndum af siðuðum þjóðum.

8. gr.

1. Hver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.

2. Stjórnvöld mega ekki raska þessum réttindum, nema samkvæmt lögum og nauðsynlegt sé í lýðfrjálsu þjóðfélagi vegna öryggis almennings eða ríkis eða efnahags þjóðarinnar, til þess að afstýra óspektum eða glæpum, eða til verndar

(3) Everyone charged with a criminal offence has the following minimum rights:

(a) to be informed promptly, in a language which he understands and in detail, of the nature and cause of the accusation against him;

(b) to have adequate time and facilities for the preparation of his defence;

(c) to defend himself in person or through legal assistance of his own choosing or, if he has not sufficient means to pay for legal assistance, to be given it free when the interests of justice so require;

(d) to examine or have examined witnesses against him and to obtain the attendance and examination of witnesses on his behalf under the same conditions as witnesses against him;

(e) to have the free assistance of an interpreter if he cannot understand or speak the language used in court.

Article 7

(1) No one shall be held guilty of any criminal offence on account of any act or omission which did not constitute a criminal offence under national or international law at the time when it was committed. Nor shall a heavier penalty be imposed than the one that was applicable at the time the criminal offence was committed.

(2) This Article shall not prejudice the trial and punishment of any person for any act or omission which, at the time when it was committed, was criminal according to the general principles of law recognised by civilised nations.

Article 8

(1) Everyone has the right to respect for his private and family life, his home and his correspondence.

(2) There shall be no interference by a public authority with the exercise of this right except such as is in accordance with the law and is necessary in a democratic society in the interests of national security, public safety or the economic

heilbrigði og siðgæði eða réttindum og frelsi annarra manna.

9. gr.

1. Allir menn skulu frjálsir hugsana sinna, sannfæringar og trúar. Í þessu felst frelsi þeirra til að skipta um trú eða játningu og enn fremur til að láta í ljós trú sína eða játningu, einir sér eða í félagi við aðra, opinberlega eða einslega, með kennslu, tilbeiðslu, guðsþjónustu og helgihaldi.

2. Frelsi til að láta í ljós trú sína eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem mælt er í lögum og eru nauðsynlegar í lýðfrjálsu þjóðfélagi vegna almannaöryggis, til að vernda allsherjarreglu, heilbrigði eða siðgæði eða til að vernda réttindi og frelsi annarra.

10. gr.

1. Hver maður á rétt til að láta í ljós álit sitt. Í rétti þessum felst frelsi til að ráða skoðunum sínum, fá og miðla vitneskju og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar skal ríki heimilt að krefjast þess, að útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtæki séu eigi rekin nema samkvæmt sérstöku leyfi.

2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð, er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum, sem mælt er í lögum og eru nauðsynlegar í lýðfrjálsu þjóðfélagi vegna öryggis almennings og ríkis eða landvarna, til að komið sé í veg fyrir óspektir eða glæpi, til að vernda heilbrigði eða siðgæði, mannorð eða réttindi annarra, til að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.

11. gr.

1. Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum, þar á meðal að stofna og

well-being of the country, for the prevention of disorder or crime, for the protection of health or morals, or for the protection of the rights and freedoms of others.

Article 9

(1) Everyone has the right to freedom of thought, conscience and religion; this right includes freedom to change his religion or belief and freedom, either alone or in community with others and in public or private, to manifest his religion or belief, in worship, teaching, practice and observance.

(2) Freedom to manifest one's religion or beliefs shall be subject only to such limitations as are prescribed by law and are necessary in a democratic society in the interests of public safety, for the protection of public order, health or morals, or for the protection of the rights and freedoms of others.

Article 10

(1) Everyone has the right to freedom of expression. This right shall include freedom to hold opinions and to receive and impart information and ideas without interference by public authority and regardless of frontiers. This Article shall not prevent States from requiring the licensing of broadcasting, television or cinema enterprises.

(2) The exercise of these freedoms, since it carries with it duties and responsibilities, may be subject to such formalities, conditions, restrictions or penalties as are prescribed by law and are necessary in a democratic society, in the interests of national security, territorial integrity or public safety, for the prevention of disorder or crime, for the protection of health or morals, for the protection of the reputation or rights of others, for preventing the disclosure of information received in confidence, or for maintaining the authority and impartiality of the judiciary.

Article 11

(1) Everyone has the right to freedom of peaceful assembly and to freedom of association with others, including

ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.

2. Eigi skulu réttindi þessi háð öðrum takmörkunum en þeim, sem mælt er í lögum og nauðsynlegar eru í lýðfrjálsu þjóðfélagi vegna öryggis almennings eða ríkis, til að koma í veg fyrir óspektir eða glæpi, til verndar heilbrigði eða siðgæði eða til að vernda réttindi og frelsi annarra. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi vera því til fyrirstöðu, að löglegar takmarkanir séu settar við því, að herliðar, lögreglumenn eða stjórnarstarfsmenn njóti þessara réttinda.

12. gr.

Karlar og konur á hjúskaparaldri hafa rétt á að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu í samræmi við landslög um þessi réttindi.

13. gr.

Nú eru réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skert, og skal þá sá, sem fyrir því verður, geta leitað réttar síns á raunhæfan hátt fyrir opinberu stjórnvaldi, enda þótt skerðingin hafi verið framin af mönnum, sem fara með stjórnvald.

14. gr.

Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórn mála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, sambands við þjóðernisminnihluta, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.

15. gr.

1. Á tímum styrjaldar eða annars almenns neyðarástands, sem ógnar lífi þjóðarinnar, getur hver samningsaðili gert ráðstafanir, sem fara í bág við skyldur hans samkvæmt samningi þessum, að svo miklu leyti sem bráðnauðsynlegt er vegna hættuástandsins, enda séu slíkar ráðstafanir eigi ósamrímalegar öðrum skyldum hans að þjóðarétti.

2. Með ákvæðum þessarar greinar skal þó í engu raskað ákvæðum 2. gr., nema

the right to form and to join trade unions for the protection of his interests.

(2) No restrictions shall be placed on the exercise of these rights other than such as are prescribed by law and are necessary in a democratic society in the interests of national security or public safety, for the prevention of disorder or crime, for the protection of health or morals or for the protection of the rights and freedoms of others. This Article shall not prevent the imposition of lawful restrictions on the exercise of these rights by members of the armed forces, of the police or of the administration of the State.

Article 12

Men and women of marriageable age have the right to marry and to found a family, according to the national laws governing the exercise of this right.

Article 13

Everyone whose rights and freedoms as set forth in this Convention are violated shall have an effective remedy before a national authority notwithstanding that the violation has been committed by persons acting in an official capacity.

Article 14

The enjoyment of the rights and freedoms set forth in this Convention shall be secured without discrimination on any ground such as sex, race, colour, language, religion, political or other opinion, national or social origin, association with a national minority, property, birth or other status.

Article 15

(1) In time of war or other public emergency threatening the life of the nation any High Contracting Party may take measures derogating from its obligations under this Convention to the extent strictly required by the exigencies of the situation, provided that such measures are not inconsistent with its other obligations under international law.

(2) No derogation from Article 2, except in respect of deaths resulting from

þegar um mannsbana er að ræða vegna löglegra hernaðaraðgerða, né heldur ákvæðum 3. gr., 4. gr. (1. málsg.) og 7. gr.

3. Hver sá samningsaðili, sem notfærir sér þennan rétt til takmörkunar, skal láta aðalritara Evrópuráðsins fá fulla vitneskju um þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, og ástæður fyrir þeim. Einnig skal hann tilkynna aðalritara Evrópuráðsins, þegar slíkum ráðstöfunum er lokið og ákvæðum samningsins er enn á ný framfylgt að fullu.

16. gr.

Engin ákvæði 10., 11. og 14. gr. skulu vera því til fyrirstöðu, að samningsaðilarnir takmarki pólitíska starfsemi útlendinga.

17. gr.

Engin ákvæði samnings þessa skulu skýrð þannig, að þau feli í sér rétt fyrir ríki, samtök eða einstaklinga til að fást við starfsemi eða framkvæma verknáð, sem miðar að eyðileggingu þeirra réttinda og frelslis, sem hér er lýst, eða að takmörkum þeirra umfram það, sem samningurinn ákveður.

18. gr.

Til takmarkana þeirra á tédum réttindum og frelsi, sem heimilaðar eru í samningi þessum, skal eigi grípa í neinu öðru skyni en tiltekið er.

II. KAFLI

19. gr.

Til að tryggja það, að staðið sé við skuldbindingar þær, sem aðilar samnings þessa hafa tekizt á hendur, skal setja á stofn:

1. Mannréttindanefnd Evrópu, sem hér á eftir verður kölluð „nefndin“.

2. Mannréttindadómstól Evrópu, sem hér á eftir verður kallaður „dómstóllinn“.

lawful acts of war, or from Articles 3, 4 (paragraph 1) and 7 shall be made under this provision.

(3) Any High Contracting Party availing itself of this right of derogation shall keep the Secretary-General of the Council of Europe fully informed of the measures which it has taken and the reasons therefore. It shall also inform the Secretary-General of the Council of Europe when such measures have ceased to operate and the provisions of the Convention are again being fully executed.

Article 16

Nothing in Articles 10, 11 and 14 shall be regarded as preventing the High Contracting Parties from imposing restrictions on the political activity of aliens.

Article 17

Nothing in this Convention may be interpreted as implying for any State, group or person any right to engage in any activity or perform any act aimed at the destruction of any of the rights and freedoms set forth herein or at their limitation to a greater extent than is provided for in the Convention.

Article 18

The restrictions permitted under this Convention to the said rights and freedoms shall not be applied for any purpose other than those for which they have been prescribed.

SECTION II

Article 19

To ensure the observance of the engagements undertaken by the High Contracting Parties in the present Convention, there shall be set up:

(1) A European Commission of Human Rights hereinafter referred to as “the Commission”;

(2) A European Court of Human Rights, hereinafter referred to as “the Court”.

III. KAFLI

20. gr.

Nefndin skal skipuð jafnmörgum mönnum og samningsaðilarnir eru. Engir tveir nefndarmenn skulu vera þegar sama ríkis.

21. gr.

1. Ráðherranefndin velur nefndarmennina af skrá, sem skrifstofa ráðgjafarþingsins tekur saman. Skulu þeir kosnir með hreinum meiri hluta atkvæða. Fulltrúar hvers samningsaðila á ráðgjafarþinginu tilnefna þrjá menn á skrána, og skulu að minnsta kosti tveir þeirra vera þegar hlutaðeigandi ríkis.

2. Eftir því, sem við á, skal nota sömu aðferð til að fullskipa nefndina, ef fleiri ríki verða síðar aðilar að samningi þessum svo og til að kjósa mann í autt sæti.

22. gr.

1. Nefndarmenn skulu kosnir til sex ára. Þá má endurkjósa. Þó skal kjörtímabili sjö þeirra, sem kjörnir eru í fyrstu kosningu, lokið að þrem árum liðnum.

2. Þeir, sem ganga eiga úr nefndinni að fyrstu þrem árum liðnum, skulu valdir með hlutkesti af aðalritara Evrópuráðsins, þegar að afloknu fyrsta kjöri.

3. Nefndarmaður, sem kjörinn hefur verið í stað annars, er eigi hafði lokið kjörtímabili sínu, skal eiga sæti í nefndinni, unz því tímabili er lokið.

4. Nefndarmenn skulu halda sæti sínu, þar til er aðrir koma í þeirra stað, enda skulu þeir ljúka störfum í þeim málum, sem þeir hafa þá tekið til meðferðar.

23. gr.

Nefndarmenn eru einungis bundnir við sannfæringu sína í nefndarstörfum sínum.

SECTION III

Article 20

The Commission shall consist of a number of members equal to that of the High Contracting Parties. No two members of the Commission may be nationals of the same State.

Article 21

(1) The members of the Commission shall be elected by the Committee of Ministers by an absolute majority of votes, from a list of names drawn up by the Bureau of the Consultative Assembly; each group of the Representatives of the High Contracting Parties in the Consultative Assembly shall put forward three candidates, of whom two at least shall be its nationals.

(2) As far as applicable, the same procedure shall be followed to complete the Commission in the event of other States subsequently becoming Parties to this Convention, and in filling casual vacancies.

Article 22

(1) The members of the Commission shall be elected for a period of six years. They may be re-elected. However, of the members elected at the first election, the terms of seven members shall expire at the end of three years.

(2) The members whose terms are to expire at the end of the initial period of three years shall be chosen by lot by the Secretary-General of the Council of Europe immediately after the first election has been completed.

(3) A member of the Commission elected to replace a member whose term of office has not expired shall hold office for the remainder of his predecessor's term.

(4) The members of the Commission shall hold office until replaced. After having been replaced, they shall continue to deal with such cases as they already have under consideration.

Article 23

The members of the Commission shall sit on the Commission in their individual capacity.

24. gr.

Hver samningsaðili getur, fyrir atbeina aðalritara Evrópuráðsins, vísað til nefndarinnar hvers konar broti á ákvæðum samningsins, sem annar samningsaðili telst hafa framið.

25. gr.

1. Nefndin getur tekið við erindum, sem beint er til aðalritara Evrópuráðsins frá hvaða einstaklingi sem er, einkasamtökum eða hópi einstaklinga, sem halda því fram, að samningsaðili hafi brotið á þeim réttindi þau, sem lýst er í samningi þessum, enda hafi samningsaðili sá, sem kærður hefur verið, lýst því yfir, að hann viðurkenni, að nefndin sé bær til að taka við slíkum erindum. Þeir samningsaðilar, sem gefið hafa slíka yfirlýsingu, heita því að hindra ekki á nokkurn hátt raunhæfa notkun þessa réttar.

2. Slíkar yfirlýsingar má gefa til tiltekins tíma.

3. Yfirlýsingarnar skulu afhentar aðalritara Evrópuráðsins, en hann skal senda samningsaðilum afrit af þeim og birta þær.

4. Nefndin skal einungis beita því valdi, sem henni er veitt með þessari grein, þegar a. m. k. sex samningsaðilar eru skuldbundnir með yfirlýsingum samkvæmt málsgreinunum hér á undan.

26. gr.

Nefndin getur því aðeins tekið mál til meðferðar, að leitað hafi verið til hlítar leiðréttingar í heimalandinu, samkvæmt almennt viðurkenndum reglum þjóðaréttar og innan sex mánaða frá því, að fullnaðarákvörðun var þar tekin.

27. gr.

1. Nefndin skal eigi taka til meðferðar erindi, sem lagt er fyrir hana samkv. 25. gr., ef það er

- frá ónafngreindum aðila;
- eða efnislega hið sama og mál, sem þegar hefur verið rannsakað af nefnd-

Article 24

Any High Contracting Party may refer to the Commission, through the Secretary-General of the Council of Europe, any alleged breach of the provisions of the Convention by another High Contracting Party.

Article 25

(1) The Commission may receive petitions addressed to the Secretary-General of the Council of Europe from any person, non-governmental organisation or group of individuals claiming to be the victim of a violation by one of the High Contracting Parties of the rights set forth in this Convention, provided that the High Contracting Party against which the complaint has been lodged has declared that it recognises the competence of the Commission to receive such petitions. Those of the High Contracting Parties who have made such a declaration undertake not to hinder in any way the effective exercise of this right.

(2) Such declarations may be made for a specific period.

(3) The declarations shall be deposited with the Secretary-General of the Council of Europe who shall transmit copies thereof to the High Contracting Parties and publish them.

(4) The Commission shall only exercise the powers provided for in this Article when at least six High Contracting Parties are bound by declarations made in accordance with the preceding paragraphs.

Article 26

The Commission may only deal with the matter after all domestic remedies have been exhausted, according to the generally recognised rules of international law, and within a period of six months from the date on which the final decision was taken.

Article 27

(1) The Commission shall not deal with any petition submitted under Article 25 which

(a) is anonymous, or

(b) is substantially the same as a matter which has already been examined

inni eða hefur verið lagt fyrir til rannsóknar eða úrskurðar á alþjóðavettvangi og felur ekki í sér neinar nýjar upplýsingar, sem máli skipta.

2. Nefndin skal eigi taka til meðferðar neitt það erindi, sem lagt er fyrir hana samkvæmt 25. gr. og hún álitur vera í ósamræmi við reglur þessa samnings eða erindi, sem auðsjáanlega hefur ekki við rök að styðjast eða felur í sér misnotkun á kæruréttinum.

3. Nefndin skal vísa á bug sérhverju því erindi, sem hún telur sér óheimilt að fjalla um samkvæmt 26. gr.

28. gr.

Ef nefndin samþykkir að taka til meðferðar erindi, sem henni hefur borizt;

a. skal hún, í því skyni að sannreyna málsatvik, taka málið til athugunar ásamt fulltrúum deiluaðila og, ef það er nauðsynlegt, framkvæma rannsókn, og er þeim ríkjum, sem hlut eiga að máli, skylt að veita alla þá fyrirgreiðslu, sem nauðsynleg kann að vera, eftir að þeir hafa rætt við nefndina um málið;

b. skal hún jafnan vera reiðubúin til viðræðna við aðila í því skyni að koma á sáttum, en þó þannig, að virt séu mannréttindi þau, sem skýrgreind eru í samningi þessum.

29. gr.

1. Til þess að framkvæma störf þau, sem mælt eru í 28. gr., skal skipuð undirnefnd sjö nefndar meðlima.

2. Hverjum málsaðila skal heimilt að tilnefna mann í undirnefndina.

3. Aðra meðlimi skal velja með hlutkesti í samræmi við ákvæði í fundarsköpum nefndarinnar.

30. gr.

Ef undirnefndinni tekst að koma á sáttum samkvæmt 28. gr., skal hún semja um það skýrslu, sem senda skal hlutaðeigandi ríkjum, ráðherranefndinni og aðalritara Evrópuráðsins til birtingar.

by the Commission or has already been submitted to another procedure of international investigation or settlement and if it contains no relevant new information.

(2) The Commission shall consider inadmissible any petition submitted under Article 25 which it considers incompatible with the provisions of the present Convention, manifestly ill-founded, or an abuse of the right of petition.

(3) The Commission shall reject any petition referred to it which it considers inadmissible under Article 26.

Article 28

In the event of the Commission accepting a petition referred to it:

(a) it shall, with a view to ascertaining the facts, undertake together with the representatives of the parties an examination of the petition and, if need be, an investigation, for the effective conduct of which the States concerned shall furnish all necessary facilities, after an exchange of views with the Commission;

(b) it shall place itself at the disposal of the parties concerned with a view to securing a friendly settlement of the matter on the basis of respect for Human Rights as defined in this Convention.

Article 29

(1) The Commission shall perform the functions set out in Article 28 by means of a Sub-Commission consisting of seven members of the Commission.

(2) Each of the parties concerned may appoint as members of this Sub-Commission a person of its choice.

(3) The remaining members shall be chosen by lot in accordance with arrangements prescribed in the Rules of Procedure of the Commission.

Article 30

If the Sub-Commission succeeds in effecting a friendly settlement in accordance with Article 28, it shall draw up a Report which shall be sent to the States concerned, to the Committee of Ministers

Skýrslan skal vera stutt greinargerð um málsatvik og þá lausn, sem fengin var.

31. gr.

1. Ef lausn fæst eigi í málinu, skal nefndin gefa skýrslu um málsatvik og láta í ljós álit sitt á því, hvort málsatvik þau, sem upplýst eru, leiði í ljós brot af hálfu hlutaðeigandi ríkis á skyldum þess samkvæmt samningnum. Heimilt er að birta álit allra nefndarmanna um þetta atriði í skýrslunni.

